

Grindavíkurbær  
Atli Geir Júlíusson  
Víkurbraut 62  
240 Grindavík

Reykjavík, 14. júní 2021  
UST202106-016/B.S.  
10.04.02

**Efni: Aðalskipulag Grindavíkurbæjar 2018 - 2032 – breyting. Umsögn**

Vísað er til bréfs Grindavíkurbæjar dags. 1. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingar sem lúta annar vegr að framkvæmdum vegna eldgoss í Fagradalsfjalli og hins vegar ýmsum aðgerðum sem ráðist verður í innan bæjarmarka Grindavíkur.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir vegna framkvæmda sem fyrirhugaðar eru innan þéttbýlismarka sveitarfélagsins.

Varðandi aðgerðir vegna elgossins þá er Umhverfisstofnun meðvituð um að hraunrennslið er ekki alltaf fyrirsjáanlegt og nauðsýnlegt er að bregðast við breyttum aðstæðum sem kalla á nýjar framkvæmdir við slóðir og göngustíga. Umhverfisstofnun telur að við framkvæmdir á gossvæðinu ætti jafnframt að huga að því að afmá ummerki um aflagða stíga og slóðir sem farið hafa undir hraun ef talið er að þeir hlutar sem eftir standa nýtist ekki sem og för eftir vinnuvélar til að bæta ásýnd svæðisins sem verður að líkindum fjölsótt meðan gosið varir.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur